

392. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 16. júní 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Eyþór Benediktsson, varaformaður
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, varamaður
Guðmundur Kristinsson
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Varaformaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda:

1.1. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 11.6.2005.

Fundargerð framlögð.

Liðir 1,4,9,10 og 13 samþykktir. Liður 12 samþykktur með fyrirvara skipulags- og byggingarnefndar. Fundargerðin samþykkt.

2. Aðrar fundargerðir.

2.1. 155. stjórnarfundur Eflingar Stykkishólms, dags. 10.5.2005.

2.2. Fundur Eflingar með þjónustuaðilum, dags. 9.5.2005.

2.3. 59. fundur Breiðarfjarðarnefndar, dags. 2.5.2005.

2.4. Stjórn SSV, dags. 13.4. og 10.6.2005.

2.5. Stjórn Sorpurðunar Vesturlands, dags. 26.5.2005.

Framlagðar fundargerðir.

3. Landa- og húsa kaup í Nýrækt.

Samþykkt að kaupa hús og ræktunarland af Svavari Edilonssyni og Hergarði Jensen á kr. 1.200.000

4. Reglur um hvernig úthlutaðar lóðir falla til baka til Stykkishólmsbæjar eftir ákveðinn tíma.

Bæjarráð samþykkir. Hafi lóðarhafi ekki hafið framkvæmdir innan eins árs, þá fellur úthlutun úr gildi.

5. Víkurgata 1, sbr. 391/9.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála.

6. Tilboð í byggingu leikskóla við Búðanesveg.

Samþykkt að hafna öllum tilboðum, þar sem þau voru langt yfir kostaðaráætlun. Bæjarstjóra falið að ganga til viðræðna við Skipavík hf., sem var lægsbjóðandi og fara vandlega yfir kostnaðarliði sem hægt er að lækka.

7. Bréf Sæþórs Þorbergssonar f.h. SS-veitinga dags. 09.06.'05 um mötuneyti Grunnskóla.

Bæjarráð telur ekki ástæðu til að breyta fyrri ákvörðun um samning við Hótel Stykkishólms. Bæjarstjóra falið að svara bréfinu.

8. Bréf sjávarútvegsráðuneytisins dags. 7.06.'05.

Bæjarstjóra er falið að sækja um byggðakvóta f.h. Stykkishólmsbæjar.

9. Kaup á traktor.

Bæjarstjóra falið að ganga frá kaupum á notuðum traktor fyrir Áhaldahúsið.

10. Minnisþing frá fundi með áhugahóp v. "gamla miðbæjarins" 14.06.2005.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundinum.

11. Bréf Þorgríms Kristinssonar f.h. Plastic Form ehf. dags. 15.06.2005.
Nafnabreyting á lóð samþykkt. Erindinu að öðruleytinu frestað og vísað til bæjarstjórnar.
12. Bréf sóknarnefndar Stykkishólmskirkju dags. 1.06.2005.
Tillöggunni vísað til skipulags-og byggingarnefndar.
13. Bréf Ástu Valdísar Guðmundsóttur dags. 9.06.2005.
Samþykkt að lengja leyfi Ástu Valdísar um 6 mánuði. Þar sem um lofsvert frumkvöðlastarf er að ræða.
14. Beiðni um styrk v. utanlandsferðar á íþróttamót.
Samþykkt að veita Kristjáni Val Kristinssyni styrk að kr. 15.000, vegna keppnisferðar til Noregs.
15. Yfirlýsing vegna uppgjörs Hótelfélagsins Þórs ehf.
Yfirlýsing framlögð og bæjarstjóra falið að undirrita hana.
16. Málefni Hitaveitu Stykkishólms og bréf ÍSOR dags. 9.06.2005.
Bréf framlagt og bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála.
17. Verkefnissamningur um Heilsueflingu í Stykkishólmi.
Bæjarstjóra falið að skrifa undir samning við Byggðastofnun um Heilsueflingu í Stykkishólmi.
18. Kaup á ljósritunarvél fyrir bæjarskrifstofur.
Samþykkt að kaupa ljósritunarvél.
19. Gjaldskrá fyrir Tónlistarskóla Stykkishólms.
Gjaldskránni vísað til bæjarstjórnar.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:12

Þór Örn Jónsson, bæjarritari